

Þriðjudaginn 20. október 1981.

Nr. 128/1979. Björn Pálsson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

sýslumanninum í Húnavatnssýslu,

Jóni Ísberg

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Ómerking uppboðs. Búfjárræktarlög.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1979. Krefst hann þess aðallega, „að hið áfrýjaða uppboð verði ómerkt, en til vara, að uppboðinu verði vísað frá uppboðsrétti.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að uppboðið verði staðfest, en til vara, „að synjað verði um ómerkingu á sölu eldra stóðhestsins á umræddu uppboði.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný skjöl.

Laust eftir hádegi laugardaginn 2. júní 1979 handsamaði Þorsteinn Gunnarsson, bóndi á Syðri-Löngumýri í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu, tvo stóðhesta, er hann taldi vera eign áfrýjanda, Björns Pálssonar, bónda á Ytri-Löngumýri þar í hreppi. Hestarnir voru í merahópi í landi Svínavatns í sama hreppi, að því er Þorsteinn segir. Hann ætlaði að afhenda hreppstjóra hestana, en hreppstjóri taldi sig ekki geta tekið við þeim. Voru þeir þá afhentir tveim lögreglumönnum, sem komnir voru í Auðkúlurétt, þangað sem hestarnir höfðu verið fluttir. Fluttu þeir hestana til Blönduóss að höfðu samráði við stefnda, sýslumann Húnavatnssýslu, og komu þeim fyrir til geymslu þar.

Hestarnir voru skoðaðir af tveim mönnum. Segir svo í vottorði þeirra 8. júní 1979:

„Við undirritaðir, sem að ósk Lúðvíks Kaaber fulltrúa, höfum skoðað tvo stóðhesta, sem eru í vörslu Einars Svavars-sonar, tamningamanns á Blönduósi, gefum eftirfarandi lýsingu á hestunum:

1. Brúnsokkóttur með hvíta slettu aftan við hægri bóg, fullorðinn 6—8 vetra, óafrakaður. Mark biti aftan hægra blaðstýft framan og líkist fjöður aftan vinstra. Óvanaður.

2. Brúnsokkóttur með gráa slettu á hægri lend 2—3 vetra. Óafrakaður, óvanaður og markið eins, biti aftan hægra, blaðstýft framan og gæti verið fjöður aftan.“

Áfrýjandi hefur ritað skýrslu um málavexti, og er hún dagsett 12. júní 1979. Hann segir, að á bæ sínum hafi verið einn stóðhestur, sem Björn sonur sinn hafi átt, og þriggja vetra hesttrippi, sem hann hafi sjálfur átt. Trippið hafi gengið úti, en eldri hesturinn verið í girðingu, eftir að honum var sleppt úr húsi 22. maí um vorið. Áfrýjandi kveðst hafa tekið eftir því 1. júní, að hestarnir voru báðir í hryssuhópi nálægt merkjum Svínavatns og Ytri-Löngumýrar. Hrossin hafi verið þar í girðingu, sem hafi legið niðri á kafla. Hann kvað Þorstein Gunnarsson hafa komið til sín um kvöldið og sagst ætla að taka hestana. Sakir anna við sauðburð og skepnuhirðingu kveðst áfrýjandi ekki hafa haft tíma til að senda eftir hestunum fyrr en upp úr hádegi daginn eftir, en þá hafi hann sent þrjá drengi til að sækja þá. Hafi þeir verið byrjaðir að reka hrossahópin heimleiðis, er Þorsteinn Gunnarsson kom til þeirra og rak hrossin brott. Hann kveðst hafa komið til Auðkúluréttar og mótmælt því við hreppstjóra, að hestarnir yrðu fluttir úr sveitarfélaginu.

Hinn 14. júní 1979 voru báðir hestarnir seldir á uppboði, sem stefndi hélt á Blönduósi. Er þá bókað í uppboðsbók:

„Ár 1979, fimmtudaginn 14. júní, kl. 14, var uppboðsþing Húnavatnssýslu sett við Tamningastöðina á Blönduósi og haldið þar af sýslumanni Jóni Ísberg við undirritaða votta.

Fyrir var tekið:

Uppboðsmálið nr. 1/1979: Að selja tvo stóðhesta.

Uppboðshaldari leggur fram uppboðsskilmála, þingmerktir nr. 1. Ennfremur eru til staðar á þinginu ljósrit af lögregluskýrslu og markaskoðun á hestunum, þingmerkt nr. 2—3.

Uppboðið fór þannig fram:

Boðið í yngri hestinn kr. 80.000,- af Benedikt Jónssyni og hesturinn sleginn honum á því verði.

Boðið í eldri hestinn kr. 152.000,- af Þorfinni Björnssyni og hesturinn sleginn honum á því verði.

Áður en gengið var til uppboðs, lagði Björn Pálsson fram mótmæli þingmerkt nr. 4.

Uppboðsandvirðið að viðbættum 3% innheimtulaunum var greitt á uppboðinu . . .“

Mótmæli áfrýjanda voru svohljóðandi:

„Óskast bókað.

Hér með mótmæli ég þessu uppboði sem ólöglegu og mun áfrýja málinu til hæstaréttar.

Blönduósi 14-6-1979.

Björn Pálsson“.

Það er þetta uppboð, sem áfrýjað er.

Aðiljar eru sammála um, að uppboðið hafi verið auglýst í Ríkisútvarpinu. Telur stefndi, að það hafi verið 11. júní, en um efni auglýsingarinnar er að öðru leyti ekki vitað, þar sem hvorki frumrit hennar né afrit hefur komið í leitirnar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um ómerkingu uppboðsins á því í fyrsta lagi, að hestarnir hafi verið í heimalandi. Sá eldri hafi sloppið úr girðingu. Hinn hafi verið útigenginn og ekki nýst hryssum. Hann hafi, strax og unnt var, gert ráðstafanir til að handsama hestana, en verið hindraður í því. Hann hafi krafist afhendingar þeirra í Auðkúlurétt, en þeir hafi að löglausu verið fluttir úr þinghánni til Blönduóss. Í öðru lagi telur hann, að hreppstjóri hafi átt að halda uppboðið, en ekki lögreglustjóri, eins og raunin hafi á orðið. Þá hafi uppboðið ekki verið nægilega auglýst og ekki með tilskildum fyrirvara. Ekki sé að finna í gögnum máls afrit auglýsingar eða greinargerð fyrir henni. Þá hafi stefndi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart sér og ekki úrskurðað um framkomin mótmæli gegn uppboðinu, áður en það

fór fram, eins og honum hafi verið skylt. Loks hafi uppboðið verið haldið, þó að dómsmálaráðuneytið hafi bannað það.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að taka hestanna hafi verið heimil og skyld samkvæmt 31. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973. Hér hafi verið um stóðhesta að ræða, sem gengu lausir í heimahögum. Þá hafi verið rétt og heimilt að afhenda sýslumanni hestana, þar sem hreppstjóri skoraðist undan að taka við þeim. Sýslumanni hafi verið fullheimilt að halda uppboðið. Skylt hafi verið að selja hestana á uppboði skv. nefndri 31. gr. búfjárræktarlaga. Uppboðið hafi verið nægilega auglýst og ekki hafi verið skylt að auglýsa það með viku fyrirvara samkv. 40. gr. uppboðslaga nr. 57/1949. Hann kveður áfrýjanda sjálfan hafa verið á uppboðinu og gætt þar hagsmuna sinna og það eigi ekki að valda ómerkingu uppboðs, þótt uppboðshaldari kvæði ekki uppformlegan úrskurð um mótmæli áfrýjanda. Þá sé upplýst, að dómsmálaráðuneytið hafi ekki bannað sýslumanni að halda uppboðið.

Áfrýjandi hefur fullyrt hér fyrir dómi við munnlegan flutning málsins, að hann hafi sjálfur verið eigandi beggja hestanna, sem seldir voru á uppboðinu. Hestarnir voru báðir með sama marki. Verður samkvæmt því við það að miða, að þessi yfirlýsing hans sé rétt þrátt fyrir áður gefna yfirlýsingu hans um, að sonur hans hafi átt annan hestinn, en ekki nýtur við annarra gagna um þetta atriði.

Ósannað er, að dómsmálaráðuneytið hafi lagt fyrir sýslumann sem lögreglustjóra að fresta uppboðinu.

Það er nægilega upplýst, að umræddir stóðhestar gengu lausir í heimahögum, er þeir voru handsamaðir. Skiptir þá ekki máli, hvort þeir voru í landi áfrýjanda eða annarra. Var þetta óheimilt, og bar því að handsama hestana og flytja þá til hreppstjóra samkv. 31. gr. laga nr. 31/1973. Hreppstjóri skoraðist undan að taka við þeim, og gat sýslumaður geymt hestana, þar sem hann ákvað. Uppboðið var nauðungaruppboð, þar sem það fór fram gegn mótmælum áfrýjanda, og verður að telja, að um framkvæmd þess gildi regl-

ur laga nr. 57/1949, þótt sú tegund uppboðs, sem hér er um að ræða, sé ekki nefnd berum orðum í 1. gr. laganna. Í 2. gr. laganna segir, að sýslumenn haldi uppboð í sýslum, en í 3. gr. þeirra segir, að rétt sé, að hreppstjóri haldi uppboð á lausafé í vissum tilvikum. Enn fremur, að uppboðshaldari geti falið hreppstjóra að halda uppboð á sína ábyrgð að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Með hliðsjón af þessu verður að skilja 2. mgr. 31. gr. laga nr. 31/1973 svo, að hinum reglulega uppboðshaldara sé heimilt að halda þau uppboð, sem um er fjallað í greininni, enda er gert ráð fyrir því sem aðalreglu í III. kafla uppboðslaga, að sýslumaður haldi lausafjáruppboð. Verður ómerking uppboðsins því ekki á þessu byggð. Ekki verður heldur á það fallist, að ómerkingu varði, þótt uppboðið væri ekki auglýst með viku fyrirvara, enda verður 40. gr. uppboðslaganna ekki skilin svo, að slíkt hafi verið nauðsynlegt. Hins vegar var ekki lagt fram á uppboðsþinginu frumrit eða afrit auglýsingarinnar, og hún er ekki meðal gagna máls, svo að ekki verður nú séð, hvað í henni stóð. Þá kemur fram af bókun í uppboðsbók, að áfrýjandi lagði fram á uppboðsþinginu, áður en gengið var til uppboðs, mótmæli gegn því, að það yrði haldið, en uppboðshaldari sinnti þeim að engu. Þar sem uppboðshaldara mátti ljóst vera, að mótmæli þessi kynnu að snerta uppboðsheimildina, bar honum samkvæmt 114. og 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, að leiðbeina áfrýjanda, sem er ólöglærður, um mótmælin og taka síðan afstöðu til þeirra í úrskurðarformi. Þeim úrskurði hefði áfrýjandi síðan getað áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. a lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. uppboðslaga. Þykja samkvæmt þessu vera slíkir annmarkar á framkvæmd hins áfrýjaða uppboðs, að ekki verði hjá því komist að ómerkja það.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hið áfrýjaða uppboð á að vera ómerkt.

Stefndi, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, Jón Ísberg,

greiði áfrýjanda, Birni Pálssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 84/1979. **Andri h/f**  
 (Hörður Ólafsson hrl.)  
 gegn  
**Bjerregaard & Sønner, Fiskeeksport A/S**  
 (Hákon Árnason hrl.).

Gerðardómur. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ársvextir verði ákveðnir 10% frá 5. október 1973 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

#### I.

Kröfur sínar hér fyrir dómi byggir áfrýjandi eingöngu á því, að gerð sú, sem um er fjallað í málinu, sé ógild, þar sem honum hafi ekki verið afhentar kröfur og gögn, sem stefndi hafi lagt fyrir gerðardóminn.

#### II.

Svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, reisir stefndi kröfur sínar í málinu á úrlausn gerðardóms, er starfaði á vegum The Grain and Feed Trade Association (GAFTA) í